

Föstudaginn 22. nóvember 1957.

Nr. 95/1957. **Gústaf A. Sveinsson f. h. Kreisjugendamt
í Eckernförde**

gegn

Sveinbirni Þorsteinssyni og gagnsök

og

**Sigríður Sigurjónsdóttir og Bjarni Þor-
steinsson**

gegn

**Gústaf A. Sveinssyni f. h. Kreisjugendamt
í Eckernförde**

Dómenður:

hæstaréttardómaramir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Um öflun gagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, þykir
rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936 að gefa aðiljum
kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Afla álits tveggja dómkvaddra sérkunnáttumanna í
sálfræði og uppeldisfræði um það, hvort ástæða sé til
þess að ætla, að afhending sú og flutningur úr landi, sem
krafizt er af hálfu aðaláfrýjanda á börnum þeim, er í mál-
inu greinir, muni hafa skaðleg áhrif á sálarlíf barnanna.

2. Að leggja álitsgerð hinna dómkvöddu manna fyrir
Barnaverndarráð og fá umsögn þess um málið.

Ályktarorð:

Aðiljum er veittur kostur á öflun framangreindra
gagna.
